



LÆSISBRÚ

2010-2012

Efnisyfirlit

1.	Markmið verkefnisins.....	3
2.	Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	3
3.	Frávik miðað við áætlun verkefnisins	6
4.	Helstu hindranir	6
5.	Helstu ávinnigar af vinnu við verkefnið	6
6.	Mat á verkefninu.....	7
7.	Niðurstöður verkefnisins	8
8.	Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.....	8
9.	Annað gagnlegt.....	9

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Heiðarskóli í Reykjanesbæ

Nafn verkefnisins: Læsisbrú

Nafn verkefnisstjóra: Bryndís Guðmundsdóttir

1. Markmið verkefnisins

- Að efla enn frekar samvinnu á milli leikskóla bæjarins og Heiðarskóla
- Að stuðla að samfelli í námi og kennslu nemenda á fyrstu tveimur skólastigunum
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu á störfum kennara á fyrstu tveimur skólastigunum
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga
- Að stuðla að betri líðan nemenda í upphafi grunnskólagöngu
- Að bæta námsárangur nemenda, sérstaklega í lestri

2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á starfi leikskólanna. Leikskólinn er nú skilgreindur sem hluti af skóla- og menntakerfi þjóðarinnar og langflest börn hafa verið í leikskóla áður en þau hefja grunnskólanám. Kennrarar í leikskólum vinna í auknum mæli að margskonar fræðslu sem var áður unnin á fyrsta ári í grunnskóla, má í því sambandi nefna fyrsta stig lestrarnáms þ.e. að vinna með stafina, leika með orð og ríma. Að sögn grunnskólakennara koma nemendur með hverju árinu sem líður, betur undirbúnir og tilbúnir í lestrarnám. Mikilvægt er að nemendur haldi áfram að byggja ofan á þá reynslu og hæfni sem þeir hafa öðlast í leikskólunum. Kennrarar beggja skólastiga þurfa að huga að því að eðlilegt flæði og samhengi sé á milli þeirra krafna sem gerðar eru til nemandans þegar hann stígur sín fyrstu skref í grunnskóla.

Í kjölfar styrkveitingar úr Sprotasjóði var ákveðið að efla samstarfið á milli skólans og heimaleikskólanna enn frekar og var valin sú leið að virkja grunnskólakennara og leikskólakennara að vinna saman. Heimaleikskólar Heiðarskóla eru leikskólinn Heiðarsel og leikskólinn Garðasel sem eru í grenndarsamfélagini.

Samstarfið var efti með margvíslegum hætti. Leikskólakennrarar hafa komið tvisvar á síðustu tveimur skólaárum og kynnt starf leikskólanna og kennrarar Heiðarskóla hafa kynnt fyrir leikskólakennurum nám og starf grunnskólans. Umsjónarkennrarar Heiðarskóla og leikskólakennrarar skólahópa kynntu sér kennsluhætti og námsefni beggja skólastiga og rýndu í leiðir til að léttu nemendum flutninginn á milli skólastiga.

Fyrirlestrar voru haldnir fyrir bæði skólastig þar sem fjallað var um lestur, lestrarnám og læsi. Kennrarar Heiðarskóla fóru í skólaheimsókn í leikskólanum Garðasel, Heiðarsel og Tjarnarsel og kynntu sér lestrarkennslu þar en skólanir leggja allir áherslu á undirbúning lestrarnáms. Árdís Hrönn Jónsdóttir hélt fyrirlestur fyrir kennara á báðum skólastigum um þróunarverkefnið Bók í hönd. Árdís er sérkennslustjóri leikskólans Tjarnarsels og er með meistaragráðu í menntunarfræðum með áherslu á mál og læsi. Guðbjörg Þórisdóttir lestrarfræðingur í Holtaskóla hélt einnig erindi um lestur og læsi fyrir bæði skólastig. Guðbjörg var líka í samstarfi við kennara á yngsta stigi við undirbúning fyrirlestrarar sem þeir héldu fyrir foreldra um lestur, læsi og námsárangur.

Kennrarar á yngsta stigi hafa endurskoðað og skipulagt lestrarkennsluna með aukinni áherslu á lesskilning. Í 3. bekk hafa kennrarar lagt fyrir lesskilningsskimunina Orðarún. Niðurstöður úr því prófi segja til um hvernig til hefur tekist í námi og kennslu og þá er hægt að huga að næstu skrefum til að leiðbeina nemendum.

Grunnskólakennrarar fóru í vettvangsferð skólaárið 2010-2011 í Grundaskóla á Akranesi og kynntu sér verkefnið Brúum bilið. Kennrarar á yngsta stigi í Heiðarskóla fóru einnig ásamt leikskólakennurum heimaleikskólanna í heimsókn í Flatskóla í Garðabæ skólaárið 2011-2012 og kynntu sér samstarf Flatskóla og leikskólans Bæjarbóls en skólahópur Bæjarbóls er staðsettur í Flatskóla.

Skólaárið 2011-2012 héldu kennsluráðgjafar Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar lesskilningsnámskeið fyrir kennara Heiðarskóla en mikil áhersla hefur verið á að efla

lesskilning nemenda. Þá lögðu þeir fyrir LOGOS-hópskimun í 3. bekk og niðurstöðurnar voru notaðar til að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Kennsluráðgjafi hélt jafnframt erindi nú í vor um lestur og læsi á samskiptadegi fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Svanhildur Eiríksdóttir deildarstjóri barna- og unglingsstarfs Bókasafns Reykjanésbæjar kom einnig með stutt erindi á samskiptadegi og kynnti fyrir foreldrum bókasafnið og mikilvægi lesturs. Svanhildur heimsótti svo í kjölfarið alla bekki á yngsta stigi og hvatti nemendur til að koma á bókasafnið í sumar.

Markvisst er unnið að því að stuðla að betri líðan nemenda í upphafi grunnskólagöngu. Gagnkvæmar skólaheimsóknir á milli Heiðarskóla og heimaleikskóla hafa fengið meira vægi í skólastarfinu með tilkomu verkefnisins. Heimaleikskólarnir hafa komið reglulega allt skólaárið í íþróttir þar sem íþróttakennari Heiðarskóla sér um kennsluna. Einnig hafa leikskólanemendur komið í kennslustundir, tölvuver og kynningu á skóla. Leikskólarnir komu í sameiginlega söngstund á sal en þar sungu nemendur frá báðum leikskólunum ásamt nemendum úr 1.-3. bekk Heiðarskóla nokkur lög við undirleik tónmenntakennara Heiðarskóla og Heiðarsels. Skólahópum leikskólanna var síðan boðið að koma og horfa á valin atríði frá árshátíð Heiðarskóla og vakti það mikla lukku. Nemendur á yngsta stigi hafa farið í heimaleikskólana og lesið fyrir börnin þar og hafa nemendur í 1. bekk ekki verið þar undantekning en mikil spenna og tilhlökkun hefur skapast á báða bóga. Skólamatur, fyrirtækið sem sér um matinn í Heiðarskóla bauð væntanlegum nemendum í hádegismat. Leikskólinn Heiðarsel hélt einnig útskrift sína á sal Heiðarskóla vorið 2012 ásamt foreldrum.

Sú hefð hefur skapast í skólanum að hafa fámenna bekki á yngsta stigi og sérkennari hefur þá ekki sérstaklega komið að öðrum nemendum en þeim sem hafa þegar fengið greiningar um náms-, hegðunar og/eða þroskavanda. Skólaárið 2010-2011 eða í upphafi verkefnisins var ákveðið að sérkennari Heiðarskóla kæmi að nemendum í 1. bekk og ynni með niðurstöður skimunarinnar Leið til læsis sem er nýtt skimunarpróf fyrir skóla til að koma enn betur til móts við nemendur. Sérkennari og umsjónarkennrar hafa síðan unnið allan veturninn með nemendur í litlum hópum þessi tvö ár sem verkefnið hefur staðið yfir. Þessi snemmtæka íhlutun sem hefur verið að þróast síðast

liðin tvö ár hefur skilað sér m.a. í að niðurstöður úr Læsi 2, sem er skimunapróf fyrir 2. bekk, sýna mjög góðan árangur nemenda Heiðarskóla. Á þessu skólaári náðu 91% nemenda 65% árangri eða betri sem er langbesti árangur Heiðarskóla ef tekið er mið af síðastliðnum 9 árum.

3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Aðgerðaráætlun var sett í upphafi verkefnisins og aftur um miðbik þess. Frávik voru helst að Leið til læsis skaraðist við verkefnið en það er stuðningskerfi í lestrarkennslu sem ætlað er kennurum á yngsta stigi grunnskólans. En eins og stendur í umsókn Heiðarskóla um styrk í Sprotasjóð þá ætlaði skólinn að vinna að verkefnum sem miðuðu að því að greina lestrarfærni nemenda við upphaf skólagöngu og að kennslan tæki mið af niðurstöðum þeirrar greiningar.

Í áætluðum afurðum verkefnisins er einnig talað um að skilað verði vinnumöppu með markvissu skipulagi lestrarkennslu í skólabyrjun sem og góðum og greinandi verkefnum. Vísis að slíkri möppu er kominn og verður hún þróuð áfram.

4. Helstu hindranir

Ekki var um eiginlegar hindranir við vinnu verkefnisins. Samstarfið við leikskólana var afar ánægjulegt og unnið var samkvæmt aðgerðaráætlun í mikilli samvinnu og sátt við þá. Þess ber þó að geta að vinnumappa með markvissu skipulagi lestrarkennslu í skólabyrjun sem áætlað var að yrði tilbúin við verkefnaskil er í vinnslu.

5. Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið

Ávinningur af verkefninu er mikill og efldust tengslin við leikskólanna verulega. Jákvæð þróun hefur verið í kjölfar verkefnisins þar sem virðing, jákvætt viðhorf og vilji til að undirbúa nemendur að takast á við þá breytingu sem á sér stað þegar þeir flytjast á milli skólastiga, er mikill. Við útskrift skólahóps Heiðarsels á sal Heiðarskóla höfðu foreldrar á orði hve jákvæð og örugg börnin væru í skólanum. Ánægjulegt er að sjá að samstarfið á

milli skólanna hefur skilað góðum árangri. Leikskólabörnin eru farin að þekkja skólann sem skapar öryggi þegar þau hefja grunnskólagöngu.

Skimunarprófið Leið til læsis er góð viðbót við skólastarfið og hjálpar kennurum enn frekar að koma til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir í námi. Miðlun upplýsinga á milli heimaleikskólanna og Heiðarskóla er komin í góðan farveg. Nemendum í 1. bekk skólaárin 2010-2012 var skipt strax að hausti í lestrarhópa en þó nokkrir nemendur hafa náð að tileinka sér lestur í leikskóla og eru komnir vel af stað í lestrarnáminu.

Þróunarverkefnið hefur verið mikill hvati fyrir kennara og hafa þeir endurskoðað og skipulagt kennslu sína, útbúið ný verkefni og aukið áherslu á lesskilning nemenda. Annað sem vert er að nefna sem ávining af vinnu við verkefnið er að kominn er víssir að möppu sem heldur utan um skipulag lestrarprófa og skimana. Niðurstöður úr Læsi 2 fyrir annan bekk gefa okkur einnig vísbendingu um að við séum að bæta námsrárangur okkar enn frekar. Heiðarskóli hefur ávallt sýnt mjög góðan árangur í þeirri skimun. Árangur okkar í ár er sá besti sem við höfum náð undanfarin ár.

Að lokum má nefna að kennrar Heiðarskóla og heimaleikskólanna eru í meiri tengslum en áður og hafa kynnst skólastarfinu á báðum skólastigum á faglegri og markvissari hátt.

6. Mat á verkefninu

Heiðarskóli hefur unnið frá upphafi með verkefnið Brúum bilið sem er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ. Verkefnið Læsisbrú hefur styrkt þetta samstarf enn frekar og gert kennurum kleift að styrkja fagmennsku sína í starfi. Öll sú vinna sem unnin hefur verið á þeim tveimur árum sem verkefnið stóð yfir skilar sér í betra skólasamfélagi og bættum leiðum til samstarfs. Almenn ánægja allra kennara sem komu að verkefninu er svo sönnun þess að Læsisbrú hefur greitt götu faglegrar umræðu um velferð og menntun nemenda.

7. Niðurstöður verkefnisins

Verkefnið gekk vel og samstarfið á milli skólastiganna var mikið sem skilaði sér í aukinni þekkingu og gagnkvæmri virðingu fyrir störfum kennara.

Í september 2010 á samskiptadegi var lögð rafræn viðhorfskönnun fyrir foreldra nemenda í 1. bekk þar sem kannað var m.a. viðhorf foreldra til skólabyrjunar og líðan nemenda fyrstu dagana í skólanum. Fram kom að 98% foreldra fannst að vel eða mjög vel hafi verið staðið að skólabyrjuninni. 92% foreldra svaraði því að barni þeirra hefði liðið vel fyrstu vikurnar í skólanum. 96% sögðu að skólastarfið hafi staðist væntingar að öllu leyti eða að mjög miklu leyti og 84% foreldra fannst barnið vera með lestrarefni við hæfi.

Í janúar 2012 var önnur rafræn viðhorfskönnun lögð fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Foreldrar voru almennt ánaegðir með skólabyrjun barna sinna en 98% foreldra sögðu að mjög vel eða vel hefði verið staðið að skólabyrjun hjá þeirra barni. 95% foreldra svöruðu því að barni þeirra hefði liðið vel í 1. bekk og 96% foreldra svöruðu að skólastarfið hefði staðist væntingar þeirra að öllu eða miklu leyti. Einnig var skoðað hvort að foreldrar teldu að barnið þeirra væri með lesefni við hæfi. Svarið við þeirri spurningu var að allir foreldrar sem eiga börn sem farin eru að lesa telja barnið sitt vera með lesefni við hæfi. Þessar niðurstöður sýna okkur að við erum á réttri leið með að brúa bilið á milli skólastiganna.

8. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir grunnskólafulltrúa Reykjanesbæjar, fræðslustjóra, fræðsluráði, foreldrum, starfsfólk skólans, skólaráði og á heimsíðu skólans. Grein um verkefnið birtist í fréttabréfi Heiðarskóla og í skólanum hefur verið búin til mappa þar sem skimanir, lestrarkannanir og fleira lestrartengt efni fyrir yngsta stig er aðgengilegt fyrir kennara. Það er von okkar að samstarfið við leikskólana fái að vaxa og dafna um ókomin ár og hefur Heiðarskóli fengið mjög jákvæð ummæli frá leikskólunum um hve verkefnið hefur skilað miklu til skólasamfélagsins. Kennrarar á yngsta stigi hafa einnig metið árangur verkefnisins og er almenn ánægja með það.


9. Annað gagnlegt

Verkefni eins og Læsisbrú er mjög gagnlegt fyrir skólasamfélagið og þróun þess. Það eykur metnað, er hvetjandi fyrir kennara beggja skólastiga og bætir skólabraginn.

Dagsetning: 31. maí 2012



Bryndís Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri



HEIÐARSKÓLI

Gunnar Þór Jónsson, skólastjóri